# Ræða flutt á Varðarfundi um frumvarp til áfengislaga 15. mars 1954

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Áfengislög – Varðarfundur

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður og greinar 1940-1965
Askja 4-2, Örk 6

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir hönd ríkisstj.
þakka stórst. ómetanl. störf
í þágu ísl. þjóðarinnar.

Allir vita, að ekki kemur öllum
saman um hv. vinna eigi á
móti ofdrykkju einkum um
hver afskifti löggjafa og ríkis-
valds eigi að vera.

Um böl ofdr. efast nú þó enginn
og um mörg meginatr. í baráttu
gegn henni eru allir sammála.

Ég hygg t.d., að ekki orki
tvímælis, að ein helsta ástæðan
til ofdrykkju sé skortur
samvar lífsnautnar, þar
rætt: „svartar svefnhettur
sé unglært mök"
eins og skáldið segir.
Gegn því hugarástandi
tjáir eigi annað en að
telja fram:
„lífsnautnina frjóvu,
alefling andans
og athöfn þarfri".

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það verður að fá mönnum
holl viðfangsefni, en frelsi
hugi þeirra frá freistingunni
og styrkja þá með bræðra-
bandi vináttunnar til að
halda rétta braut.

Eins og Brynleifur Tob.
sagði í ágætri grein, þá
verður þessu háleita marki
best náð með því að starfa
með gleði. Sagan gamla um
að sólin gat með geislum
sínum brotið sér leið
þangað, sem stormurinn
með sínum krafti varð
að gefast upp, er í fullu
gildi enn í dag, allsstaðar
þar sem sigra þarf manns-
hugina.

Látum okkur öll, hvert á
sínum vettvang, vinna að
lausn þessa mikla vanda-
máls í þessum anda.

Megi starf goodtemplara blómgast
og blessast og vita sem flestum ham-

ingju og haasæld.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ræða á Varðarf. 15/3/54 um frv. til áfengislaga. - Ekki birzt, en „referat" í Mbl. 16/3/54.

Ég hefi orðið þess var, að uppi eru efasemdir hjá einstökum og ef til vill mörgum félagsmönnum út af því, hvort rétt sé að ræða áfengismálin hér á Varðarfundi. Þetta er út af fyrir sig skiljanlegt. Skoðanir manna í áfengismálum eru mjög skiptar og skoðanaágreiningurinn þar fer ekki eftir stjórnmálaskoðunum, heldur eru hinar ólíkustu skoðanir uppi í öllum stjórnmálaflokkunum. Engu að síður verðum við að játa, að áfengismálin eru mikið vandamál, vandamál, sem bæði Alþingi og ríkisstjórn hafa látið til sín taka og verða að láta til sín taka. Ég vil meira að segja fullyrða, að áfengismálin séu eitt mesta vandamál mannlegs lífs. Vandamál, sem hver einstaklingur verður að bera. Sannast bezt að segja getur gæfa og gifta og hamingja einstaklingsins og ástvina hans verið undir því komin, hverja ákvörðun hann tekur í afstöðu sinni til áfengisins. Því að áfengið hefur orðið mörgum manninum mikill ógæfuvaldur. En samt megum við ekki gleyma því, að áfengið er til og að meginn þorri manna neytir þess á þann veg, að þeir telja sig hafa af því meiri gleði en ógagn. Áfengismálin eru ekki aðeins mál hvers einstaklings, heldur þjóðfélagsins í heild, og þjóðfélagið hefur, eins og við öll vitum, orðið að láta það til sín taka með margvíslegu móti.

Þar sem nú liggur fyrir frumvarp að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áfengislögum, frumvarp, sem mikill ágreiningur er um, væri það þess vegna hugleysi hjá Sjálfstæðismönnum að þora ekki að ræða það í okkar hóp, þó að við vitum, að við séum þar ekki allir sammála.

Þó að við séum ekki sammála um úrlausnir í þessu mikla vandamáli eigum við að minnsta kosti að vera sammála um, að ræða málið með góðvild hver til annars, skilning á ólíkum sjónarmiðum og vitum um, að þetta er eitt af þeim vandamálum, sem mannkyninu enn hefur reynzt ofvaxið að leysa. En engin yfirvöld, ríkisstjórn eða Alþingi, komast þó hjá að setja reglur um, hverju sinni.

Ég vil segja það afdráttarlaust, svo að engar getsakir komist þar að, að eg met starfssemi bindindismanna og Góðtemplarareglunnar hér á landi mjög mikils. ~~Enginn maður hefur orðið minni eða verri maður við það að vera bindindismaður, en margur hefur glatað manndómi sínum vegna ofnautnar áfengis.~~ Starf þeirra, sem vinna að bindindi og eflingu þess er ~~því~~ ómetanlegt fyrir þjóðarheildina, og þeir sem að því vinna eiga miklar þakkir skyldar fyrir störf sín. En bindindisstarf ~~og~~ áminningar um hófsemi hafa ~~ekki~~ nægt til að útrýma böli áfengisins. Þess vegna hafa ýmsir sannfærzt um, að eina ráðið væri að koma á algjöru banni. Bann er ekki til umræðu hér, og skal ég því ekki mikið um það fjölyrða. En minna má á, að svo ólík lönd sem Bandaríkin, Rússland, Noregur og Ísland

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafa öll tekið upp og reynt áfengisbann, ~~en~~ [og] öll horfið frá því aftur. ~~Frá~~ [Á] þeim árum, sem áfengisbann var reynt hér, mátti segja, að landið væri mjög einangrað miðað við það, sem nú er. Úr því að mistókst þá, þarf sannast sagt mikla bjartsýni til að trúa á, að það komi að gagni nú. Mér er og ekki ~~nauðungarmál~~ [launungarmál], að ég er eindreginn andstæðingur banns. [En] Látum það vera, ef bann væri þá er sjálfsagt að reynt yrði að framfylgja því eftir í [t]rau[s]tu getu. En bann er hér ekki. Núgildandi áfengislög eru ~~þvert á móti~~ byggð á ~~allt öðrum grundvelli,~~ [og því að neyzla áfengra drykkja sé lögleyft í landinu,] andstöðunni við bann. Í þeim lögum eru einkum þrjú ákvæði, sem ágreiningi hafa valdið. Í fyrsta lagi, bannið við framleiðslu og innflutningi áfengs öls, í öðru lagi, ákvæðin um sölu víns á veitingahúsum, og í þriðja lagi, héraðabönnin. Eftir að ég varð dómsmálaráðherra rak eg mig fljótlega á tvennt, annars vegar að ákvæðin um sölu og veitingu víns á veitingahúsum eru óframkvæmanleg, eins og þau eru í núgildandi lögum, og að fyrirmælunum um héraðabönn, þ.e.a.s. heimild kjósenda ~~í tilteknum kaupstöðum~~ [í kaupstöðum] til að kveða ~~þar~~ á um lokun útsölu áfengisverzlunar ríkisins [í kaupstað] hafi alls ekki verið ~~framkvæmd~~ [framfylgt] lögum samkvæmt. Þetta varð til þess, að ég skipaði í samráði við ríkisstjórnina alla, nefnd til að endurskoða áfengislögin. Í henni voru: Gústaf Jónasson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, Brynleifur Tobíasson,

Við getum þess vegna ekki rætt þetta mál á grundvelli banns eða þess, að ekkert áfengi sé í landinu. Við verðum að ræða málið á grundvelli staðreyndanna. Og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áfengisvarnarráðunautur, einn margreyndasti og bezti bindindisfrömuður landsins, Johann Möller, skrifstofustjóri, Ólafur Jóhannesson, prófessor, og Pétur Daníelsson, hótelstjóri. Nefnd þessi skilaði áliti og frumvarpi til nýrra áfengislaga, sem ég síðan lagði fyrir þingið 1952, óbreytt frá því það kom frá nefndinni, og gerði raunar fyrirvara um, að ég væri ekki ásáttur öllum atriðum frumvarpsins. Það er því alrangt, þegar sagt hefur verið stundum, að þetta frumvarp sé áfengislaga frumvarp mitt, Bjarna Benediktssonar. Þetta er frumvarp, sem milliþinganefnd hafði samið upp á sína ábyrgð og sannfæringu, en ekki mína. Spurzt hefur um höfuð nýmæli, í fyrsta lagi heimild til framleiðslu og veizlu á áfengum bjór, þó að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu, er veitti samþykki til slíks, í öðru lagi nýjar og miklu rýmri reglur en áður um heimild vínveitinga á veitingahúsum, í þriðja lagi var afnumið ákvæðið, sem menn höfðu skotið sér undir til að hindra að héraðabönnin kæmust í framkvæmd, og í fjórða lagi var stóraukið fé, veitt til áfengisvarna og fræðslu, og þar með í fimmta lagi gert ráð fyrir, að áfengisvarnarráðunautur yrði maður, er ekki gegndi öðru starfi en því, ~~að gæta þess að menn gefi sig eingöngu að þeim málum~~ og ennfremur yrði sett upp áfengisvarnarráð, sem fjallaði um þessi mál í heild, svipað og áfengisvarnarnefndir eiga að gera í hverju einstöku

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sveitarfélagi. Þegar frumvarp þetta kom fram lýsti ég því yfir í ríkisstjórninni, að eg legði megináherzlu á, að það yrði afgreitt með þeim hætti, að settar yrðu framkvæmanlegar reglur um áfengisveitingar í veitingahúsum og tilkynnti jafnframt, að ef það yrði ekki gert mundi ég með öllu afnema leyfisveitingar, sem tíðkast höfðu með hæpinni lagaheimild um víðtækar vínveitingar á samkomum, og jafnframt taka vínveitingaleyfið af Hótel Borg, þar sem ég teldi ekki fært, að hafa vínveitingar aðeins á einu hóteli í landinu. Þá myndi ég einnig láta ákvæðin um héraðabönn tafarlaust koma í gildi. Þegar málið kom til afgreiðslu í efri deild varð ljóst, að á bak við tjöldin höfðu verið pólitísk samtök til að hindra afgreiðslu málsins, ekki vegna þess sjálfs, heldur til að gera mér og þar með Sjálfstæðisflokknum, skráveifu þar sem ábyrgðinni á hæpinni lagaframkvæmd átti þá eftir sem áður að koma á mig og nota sér það við Alþingiskosningar, sem fóru í hönd. Ég svaraði þessum tiltektum vitanlega á þann veg, sem ég ..............................

Ég lagði frumvarp nefndarinnar svo aftur fyrir þingið nú í haust, 1953, með þeirri breytingu, að ég tók út heimildina til framleiðslu og veitinga á áfengum bjór. En í frumvarpinu hafði ekki sízt verið snúizt gegn því ákvæði. Lá það að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mestu óhreyft þar þangað til þingið kom saman að nýju nú í febrúar byrjun. Efri deild gerði þær megin breytingar á frumvarpinu, að hækkuð var áfengishundraðstalan, og að hækkuð var vínandahundraðstalan, sem vera má í drykk, svo að til áfengis verði talið. Mun það svara til þess, að ef samþykkt yrði mætti framleiða hér og neyta meðalsterks öls. Þá voru numin úr frumvarpinu fyrirmælin um aukið fé til áfengisvarna og fræðslu og fyrirmælunum um áfengisvarnir að mestu leyti komið í sama horf og er í núgildandi lögum. En þó sett nokkru strangari fyrirmæli um fræðslu gegn hættum áfengisins og eftirlit á veitingahúsum, sem vínveitingaleyfi fá, en að öðru leyti var megin efni frumvarpsins um það atriði látið haldast. Eins og frumvarpið er nú geri ég því ráð fyrir að þrjú atriði þess sæti sérstökum ágreiningi. Í fyrsta lagi fyrirmælið um áfengisstyrkleikann, í öðru lagi vínveitingar á veitingahúsum, í þriðja lagi að margir vilji fá aukið fé til áfengisvarna og fræðslu. Hér tel eg ekki með fyrirmælin um héraðabönn, því að þó að menn greini mjög á um, hvort þau séu til góðs eða ekki hygg eg, að flestir hljóti að verða sammála um, að úr því að þau hafa verið látin taka gildi sé rétt að lengri reynzla fáist, en enn er fengin. Meðal annars af þessum ástæðum breytti efri deild fyrirmælunum um héraðabönn ekki, þó að þar hefði sennilega verið meiri hluti til þess, ef á hefði reynt. Um þessi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ágreiningsatriði skal ég vera stuttorður. Ég játa það, að varðandi ölið þá hefi ég lengi verið nokkuð á báðum áttum. Það er óneitanlega nokkuð til í því, að hætta er á, að sumir venjist frekar á áfengisneyzlu, ef áfengt öl væri fyrir hendi. ~~Með aukinni reynzlu af þessum málum hefi eg þó heldur horfið af þessari skoðun, einkum, þegar ég hefi séð~~, að unglingar, því miður, þamba brennivín blandað sætum drykkjum, svipaðast því, sem vatn væri. ~~Ég held~~, að það sé ekki hægt að kenna þeirri kynslóð, sem þetta gerir, áfengisneyzlu, hún hafi þegar lært ~~það~~ og, að þrátt fyrir allt sé öl hollari drykkur en ~~þessi~~ blanda. Um það getur þó sitt sýnzt hverjum, og eftirtektarvert er, að Svíar, sem hafa bannað sterkt öl hjá sér til þessa, búast nú til að heimila það með vissum takmörkunum. Ég hefi aldrei litið á ölið, sem aðalatriði þessa máls. Það kemur ef til vill af því, að ég öðru fremur ber ábyrgð á löggæzlunni í landinu, að ég tel vínveitingar á veitingahúsum vera langsamlega aðalatriði frumvarpsins, bæði nú og áður.

Hér á landi er nú selt áfengi sjálfsagt fyrir 60 - 70 milljónir króna, þó að aðeins sé nauðlega verð og áfengismagn talið. Þó að áfengisverðið sé hátt þá fer það ekki dulizt, að allmikið áfengismagn er þetta og því furðanlegra er, að hvergi skuli vera leyfilegt að neyta þess á almennum stöðum. Ef menn vilja neyta áfengis, þá

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verða þeir að gera það í heimahúsum. Hver er sá, sem í alvöru vill mæla með því, að drykkjuskapur eigi sér stað á heimilum í svo þröngum húsakynnum, sem allur almenningur á við að búa? Slíkt hlýtur að leiða til drykkjuskapar frammi fyrir öllum unglingum, sem sízt eiga að vera við slíkt riðnir. Eða að drykkjuskapurinn er úti við og þá annað hvort í ömurlegum skúmaskotum eða í bifreiðum. Og getur nokkrum dulizt, að mikill hluti af þeim hörmulegu bifreiðaslysum vegna áfengisdrykkju, stafar beint af því, að bifreiðarnar eru í rauninni eini löghelgaði staðurinn til áfengisneyzlu utan heimilanna? Þá eru veitingastaðirnir eftir. Þar er nú með öllu bannað að veita áfengi. En sannarlega er það ókunnugur maður, sem ekki gerir sér ljóst, að mjög er framhjá þessum fyrirmælum farið. Einn lögregluþjónn svaraði því nýlega í blaðagrein, að hann hefði spurt hundrað unglinga, hvenær þeir hefðu fyrst neytt áfengis og 95 þeirra hefðu sagt, að þeir hefðu gert það á dansleikjum til þess að sækja í sig kraft til að bjóða stúlkum upp í dans. Ég er ekki svo kunnugur á dansstöðum, að ég viti, hvort 95 af hundraði þeirra, sem þar eru, neyti áfengra drykkja, hitt veit ég, að mikill og ófagur drykkjuskapur er áhangandi við dansleikina. Drykkjuskapur, sem lögreglunni er með öllu ofvaxið að hindra. Það er sannast tómt mál, að tala um það, að ekki megi neyta víns á veitingastöðum. Allir, sem eitthvað

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fylgjast með, vita að það er gert í stórum stíl, og eina spurningin er þá, hvort sé betra að gera það með þeim hætti að skaplegu eftirliti sé hægt að koma við, og einhver siðmenningarbragur verði á öllu því hátterni, eða hvort til viðbótar við áfengisneyzluna eigi að koma uppeldi í lögbrot. Ég tel það sannast sagt ekkert koma við huga manna til bindindis eða áfengisneyzlu, hvort þeir vilji hafa núgildandi hátt eða ekki, heldur miklu fremur sé það löggæzlumál, ef menn telji það mikils virði, að æskulýð sé kennt að hafa lögin í heiðri og fara eftir þeim, eða vísvitandi sé til þess stofnað, að allur meginn þorri manna hafi lögin að engu og troði þau undir fótum, eftir því sem þeim lízt. Reglur, sem um vínveitingar skuli vera, er aftur annað mál. Þar eru mörg tilbrigði til, og ég fullyrði engan veginn að nefndin hafi séð hið rétta þar, eða efri deild. Hitt veit ég, að ótækt er, eins og í núgildandi lögum er, að ætla að takmarka almennar veitingar við eitt veitingahús í landinu. Er það var fyrst gert, voru íbúar Reykjavíkur aðeins rúmlega þriðjungur miðað það, sem nú er. Allt skemmtanalíf með gerólíkum hætti. Það er líka alger fásinna, að ætla að hafa vínveitingar eingöngu á þeim stað, þar sem helzta gistihús landsins er. Af slíku leiðir, að á þeim stað og umhverfis hann skapast slíkur bragur að landinu er sízt sómi að. Tel eg, að á slíku hóteli séu vínveit-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ingar með svipuðum hætti og hvarvetna annars staðar tíðkast á byggðu bóli utan Íslands. Hins vegar verð eg að segja, að það er fráleitt, að ekki skuli heimilt að hafa vínveitingar á alþjóðlegum flugstöðvum, eins og alls staðar annars staðar er. Mér finnst þess vegna á flugstöðinni í Keflavík að þessu leyti nánast sagt skoplegt, þar sem varnarliðsmönnum er heimilt að hafa vínveitingar í sínum hóp, en á sjálfu hótelinu, sem hér um bil eingöngu er sótt af erlendum mönnum, eru vínveitingar bannaðar og landið verður þar með af þó nokkrum tekjustofni, sem ella væri fyrir hendi, er unnt væri að verja til nytsamlegra hluta. Ég tel að efri deild hafi stórspillt frumvarpinu með því að fella niður með öllu ákvæðin um aukið fé og ráðstafanir til áfengisvarna og fræðslu. Ef bindindissamtökin í landinu hefðu gefið kost á sér til jákvæðrar samvinnu en raun ber vitni um í þessum efnum eru líkur til, að betur hefði tiltekizt um þetta en varð. En rétt er að geta þess í þessu sambandi, að undanfarin ár hefur töluvert fé verið lagt til hliðar, svo að hægt væri að koma upp sjúkrahúsum og heimilum handa drykkjusjúkum mönnum. Framkvæmdir í þessu hafa stöðvazt, aðallega sökum þrákelni, en núverandi heilbrigðismálaráðherra, Ingólfur Jónsson, hefir séð fyrir því, að samþykki fékkst á frumvarpi borgarstjóra og Kristínar Sigurðardóttir, sem horfði til bóta í þessum efnum, þannig að bráðlega yrðu raunhæfar framkvæmdir í þessum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

efnum.

Eins og ég ræddi um í upphafi þá eru áfengismálin viðkvæm, og ýmsir hafa óttast, að við Sjálfstæðismenn gætum ekki rætt þau af hófsemi og stillingu. Ég sé sannast sagt enga ástæðu til að líta þannig á. Ég held, að við Íslendingar eigum, ekki síður en Svíar, að gera okkur grein fyrir, að áfengislagafrumvarpið er eitt helzta vandamál, sem fyrir Alþingi liggur, vandamál, sem við komustum ekki hjá því að taka afstöðu til. Þó við Sjálfstæðismenn lítum ekki pólitískt á þetta mál þá skulum við minnast þess, að andstæðingar okkar, sem eru ekki síður kunnugir málinu en við, reyna þó á allan veg að nota það pólitískt okkur til óþurfta. Í því sambandi skal ég aðeins minna á, að Tíminn réðist á mig mánuðum, jafnvel árum saman, fyrir vínveitingaleyfin svokölluðu og fullyrti, að þau hefðu verið tekin upp eftir að Sjálfstæðishúsið byrjaði að starfa. Sannleikurinn er sá, að það sannaðist opinberlega, þegar Tíminn, sem árum saman hafði krafizt þess, að vínveitingaleyfin yrðu stöðvuð, brást svo fyrirmælum mínum, í þá átt að kalla þau misheppnuð, léti það liggja að hleypt væri út í ófæru og annað eftir því. Síðan hefur Tíminn yfirleitt verið þessarar skoðunar og 28. janúar s.l., þ.e.a.s. rétt fyrir bæjarstjórnarkosningarnar, segir þar í ritstjórnargrein meðal annars svo: Þrátt fyrir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tilskipanir um það að ekki megi neyta víns í samkomuhúsum hefur þessi erindreki orðið að horfa upp á það, að þessar tilskipanir yfirboðara hans hafi ekkert að segja. Er málið svo erfitt viðureignar, að dómsmálastjórnin fer líklegast að skiljast upp úr þessu, að það er ekki innan hennar verkahring að segja fyrir um borðsiði fólks á dansleikjum. Þetta segir sama blaðið, sem hafði gert það að höfuðbaráttumáli í mörg ár að heimta að vínveitingar á dansleikum væru með öllu bannaðar, nema dansleikirnir væru á hótel Borg. En þó að Tíminn teldi í fyrra, að ég hefði gert mig sekann um bolabrögð og hleypt mér út í ófæru, og eftir það hamrað á, að óþolandi væri, að dómsmálastjórnin skipti sér af borðsiðum manna á dansleikjum, þá segir blaðið hinn 25. febrúar s.l.: Það hefur áreiðanlega orðið til mikils vinnings, að sú leið var farin að fresta afgreiðslu áfengislagafrumvarpsins í fyrra. Af orsökum, sem óþarft er að rifja upp að þessu sinni greip dómsmálaráðherra til þess ráðs, að gera svokölluð héraðabönn heimil og afnema allar vínveitingar á sekmmtistöðum og veitingahúsum..Reynsla er því fengin af því, hvernig þetta fyrirkomulag gefst. Áður var það deiluatriði, hvernig það myndi heppnast. Nú geta þingmenn tekið afstöðu til þessara þýðingarmiklu atriða í samræmi við fengna reynzlu, en þurfa ekki að fara eftir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hreinum bollaleggingum í því sambandi. Allt er þetta rétt, en ekki verður hjá því komizt að viðurkenna, að með þessu hefur Tíminn étið ofan í sig heila árganga af nýði og illmæli um mig og lögreglustjórann í Reykjavík og fleiri embættismenn af þessu tilefni. Verða fleiri en Tíminn marg saga í þessum efnum. Alþýðublaðið skammast þessa dagana skaplegum lagafyrirmælum um vínveitingar á veitingahúsum En fimmtudaginn, 4. marz 1954 birtist svohljóðandi ristjórnargrein þar í blaði: Þjóðarsiður Íslendinga! Íslendingur nokkur var boðinn í kvöldverð hjá Ameríkumanni er hérlendis dvaldist um hríð. Íslendingurinn mætti klukkan 7 e.h. Þegar matur hafði verið á borð borinn bað Ameríkumaðurinn landann að finna sig fram. Hann varð ekki lítið undrandi, er hann var leiddur inn í W.C. Þegar þangað kom voru teknar upp tvær Coca-Cola flöskur. Þær reyndust að hafa inni að halda all sterkann cocktail. Þarna var síðan drukkið nokkuð. Er þessari undarlegu drykkju var lokið var setzt undir borð. En á leiðinni til sætis sagði Ameríkaninn svo; Ég kom hér fyrir nokkrum dögum og var mér þá boðið á dansleik. Ég kynntist þá þessum undarlega þjóðarsið ykkar. Svo mörg eru þau orð. Vera kann, að þetta sé en hún hefur sannast sagt of mikið bitrum sannleik í sér. Áfengisveizlan ein er ærið hæpin, þó ekki

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bætist við, að hún sé með þeim blæ og brag, sem tíðkast hefur hér á undarförnum árum. Það er til þess að reyna að afnema þann ómenningarstimpil, sem þessu hefur verið samfara, sem ég legg áherzlu á, að það höfuðatriði áfengislagafrumvarpsins verði samþykkt, að vínveitingum á veitingahúsum verði komið í það horf að framkvæmanlegt sé ~~þannig~~ svo að ekki eigi sér stað stórkostleg lögbrot samfara hverri einustu skemmtun, sem haldin er.

Af þeim fáu dæmum, sem ég hefi hér nefnt sést, hvernig andstæðingar okkar hafa þá stefnu eina að þessu máli að nota það til árása á Sjálfstæðismenn. Í öðru lagi halda þeir fram gerólíkum kenningum frá degi til dags. Við Sjálfstæðismenn gerum okkur aftur á móti ljóst að hér er um mikinn vanda að ræða, en mikið liggur við að sem best verði leyst. Við erum að vísu ekki allir sammála en við þorum að láta það uppi og við treystum því, að lausn þessa erfiða máls fáist helzt með því, að sem flestir góðviljaðir menn beri ráð sín saman og láti rök og sanngirni beina sér til réttrar niðurstöðu að lokum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur